

Stjórnarfundur 281

FUNDARGERÐ

Dagsetning	Fundarstaður	Nr. fundar
20.12.2022	Fundarsalur NO 4.hæð	Stjórnarfundur 281
Fundarritari	Fundartími	
Hilda Jana Gísladóttir	09:00 – 10:30	
Fundarmenn	Fjarverandi	
Hlynur Jóhannsson, Hilda Jana Gísladóttir, Sif Jóhannesar Ástudóttir, Geir Kristinn Aðalgeirsson, Þórhallur Jónsson, Eyþór Björnsson.	Þórunn Harðardóttir	
Í fjarfundi		
Erla Björg Guðmundsdóttir, Kristín Kjartansdóttir, Stefán H. Steindórsson, Gunnur Ýr Stefánsdóttir og Vigfús Ingi Hauksson.		

1. **Samfélagsstyrkir 2022**
2. **Fjárhagsáætlun 2022**
3. **Skipurit Norðurorku 2023**
4. **Rafveitueftirlitsgjald - möguleg ólögæt skattheimta**
5. **Önnur mál**

Nr Dagskrárliðir

1. Samfélagsstyrkir 2022

Fyrir liggur minnisblað skipaðs vinnuhóps starfsfólks Norðurorku um vinnuferli og tillögur vinnuhópsins varðandi úthlutun samfélagsstyrkja 2023. Auglýst var eftir umsóknum á heimasíðu og í fjölmiðlum í nóvember sl. Alls bárust 125 umsóknir um styrki að upphæð tæplega 70 milljónir króna. Ákvörðun starfshóps Norðurorku er að úthluta þeim 10 milljónum kr., sem eru til umráða, á 59 verkefni sem samanlagt sóttu um 29 milljónir. Gunnur Ýr Stefánsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, fór yfir niðurstöðu vinnuhópsins og yfirlit yfir styrkjadreifingu sem flokkuð var niður í málaflokka. Afhending styrkja er fyrirhuguð í janúar 2023.

Lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2022

Stjórn Norðurorku samþykkti á 280. fundi að auka stjórnarstyrki árið 2022 um kr. 5.000.000,- eða þá upphæð sem styrkur til tæknifræðináms verður, innan þess ramma sem samþykktur var á 274. fundi. Endanleg upphæð styrks er kr. 5.000.000,- og því er gerð breyting á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs vegna þessa aukastyrks.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2022 með áorðnum breytingum og endanleg rekstrarniðurstaða áætlunar 2022 verður 319,7 millj. kr.

3. Skipurit Norðurorku 2023

Forstjóri kynnti nýtt skipurit sem tekur gildi 1. janúar 2023. Með nýju skipulagi er brugðist við breytingum sem orðið hafa hjá Norðurorku og í umhverfinu. Markmið með skipulagsbreytingum er m.a. að einfalda boðleiðir og auka skilvirkni.

Til kynningar fyrir stjórn.

4. Rafveitueftirlitsgjald - möguleg ólögmat skattheimta

NO leitaði til Lögmannsstofu Norðurlands um ráðgjöf varðandi málið. Lögmannsstofan leggur það til að eftirleiðis greiði NO gjaldið með fyrirvara um lögmati en jafnframt að NO stefni málinu hið fyrsta til að rjúfa fyrningu. Forstjóri leggur það til að NO fái Lögmannsstofu Norðurlands til að vinna málið áfram.

Stjórn felur forstjóra að vinna málið áfram í samræmi við ofangreindar tillögur lögmannsstofunnar.

5. Önnur mál

a) Orkey.

Nú er sú staða komin upp að búnaður er bilaður og það mun kosta a.m.k. 1 millj. kr. að gera við. Rafvirki sem skoðaði mælti alls ekki með því að reyna gera við búnaðinn. Nýr búnaður kostar það sama en það

Nr Dagskrárliðir

tekur a.m.k. 4 vikur að fá þann búnað til landsins og svo á eftir að setja hann upp. Orkey mun því ekki framleiða neitt næstu fjórar vikur eða lengur með tilheyrandi tekjutapi. Orkey hefur ekki fjármagn til að mæta þessum áföllum.

Stjórn samþykkir að Norðurorka hf. láni Orkey fyrir nauðsynlegri fjárfestingu, þ.e. endurnýjun á þeim búnaði sem bilaður er, til að hægt sé að hefja framleiðslu aftur.

b) Niðurstöður launagreiningar.

Mannauðsstjóri kynnti niðurstöður launagreiningar jafnlaunakerfis. Launagreiningin var unnn í Pay Analytics eins og undanfarin ár og notast var við gögn úr október-launakeyrlunni. Kynbundinn launamunur mældist 0,6% konum í vil, sem er lækkun frá síðasta ári þegar munurinn mældist 0,8% konum í vil. Launamunur undir 1% telst afar lítil og er það ánægjuleg niðurstaða í sjálfu sér.

Þegar mælt er út frá heildarlaunum eru karlar að meðaltali með 1,1% hærri laun en konur en þegar mælt er út frá föstum launum eru konur með 0,6% hærri laun en karlar. Heildarlaun eru föst laun ásamt yfirvinnu og óreglulegum greiðslum, t.d. vaktaálagi. Föst laun eru grunnlaun ásamt föstum launaliðum. Grunnlaun þeirra sem eru virkir í starfi og á launaskrá eru miðuð við 100% starf án aukagreiðslna.

c) Net- og gagnaöryggismál Norðurorku hf.

Rætt var um net- og gagnaöryggismál Norðurorku. Verkefnastjórar UT og OT Norðurorku munu kynna stöðu þessara mála fyrir stjórn á næsta stjórnarfundum.

d) Vinnufundur stjórnar Norðurorku hf. 27. desember

Formaður greindi frá því að 27. desember næstkomandi verði haldinn fræðslu- og vinnufundur stjórnar Norðurorku ásamt fleiri aðilum með Helgu Hlín Hákonarsdóttur, lögfræðingi og ráðgjafa um störf stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30